

Nesfréttir



SEPTEMBER 2017 • 9. TBL. • 30. ÁRG. • www.borgarblod.is

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

 **Fró. kl. 11-16**

Hádegistilboð

LÍTIL PIZZA
af matseðli og 0,333 cl gos **1.000 KR.**

MÍÐSTÆRÐ
af matseðli og 0,333 cl gos **1.500 KR.**

DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS



Níkkuball á Nesinu

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is

Ungmennaráð Seltjarnarness hélt á dögunum Níkkuball í áttunda sinn. Níkkuballið er einn af stóru viðburðunum sem Ungmennaráðið stendur fyrir. Ballið er haldið árlega í við Smábátahöfn Seltjarnarness og er boðið upp á harmonikkudansleik og kaffiveitingar. Í ár var það harmonikkuleikarinn Þórður Arnar Marteinsson sem mundaði níkkuna ásamt því að hljómsveitin Stjúpmæður steig á stókk en hún er skipuð ungum tónlistarkonum af Nesinu. Sjá nánar á bls. 6.



Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is



Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 **HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA**
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka


Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblóð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Góð samstaða á Nesinu

Árleg bæjarhátíð á Seltjarnarnesi fór vel fram. Þetta er í fimmta sinn að blásið er til slíkrar hátíðar á haustdögum. Að þessu sinni var hátíðadagskárinn fjölbreyttari en á fyrri hátíðum og þátttaka bæjarbúa og gesta þeirra með eindæmum góð. Í grein hér í blaðinu er fjallað um þessa ánægjuhátíð Seltirninga og meðal annars bent á að um 700 manns hafi hlýtt á brekkusöngurinn í Plútóbrennkunni. Er það fjölmenni ef miðað er við fjölda bæjarbúa á Seltjarnarnesi.

Golfmót Soroptimistasystra fór einni fram fyrir skömmu en það er árleg aðaljáröflunarleið systranna. Ágóði af golfmótinu hefur ávallt runnið til verkefna á Seltjarnarnesi og nú á að færa verðandi foreldrum bókina „1000 fyrstu dagarnir – barn verður til“ í samstarfi við Miðstöð foreldra og barna og Heilsugæslustöðina á Seltjarnarnesi.

Í næsta mánuði verður svo blásið til menningarhátíðar á Seltjarnarnesi líkt og undanfarin ár. Bókasafnið á Eiðistorgi verður virkur þátttakandi í þeirri hátíð en á undanförunum árum hefur verið unnið að því að þróa safnið frá einhliða útlánastarfsemi á bókum í að verða alhliða menningarmiðstöð Seltjarnarness og eftirsóknarverður viðkomustaður bæjarbúa og annarra gesta.

Eftir menningarhátíðina tekur jólaundirbúningurinn við og á undanförunum árum hafa þróað eftirtæktafyrirverðir viðburðir á aðventu auk hefðbundinna að ógleymdu jólatónleikahaldi Friðriks Vignis Stefánssonar organleikara og kórstjóra Seltjarnarneskirkju á Þorláksmessukvöld.

Um 15 þúsund myndir aðgengilegar á heimasíðu bæjarins



Nýr myndavefur Seltjarnarnesbæjar hefur verið opnaður. Á vefnum eru um fimmtán þúsund myndir, sem segja sögu Seltjarnarnesbæjar til vorra daga, eru nú aðgengilegar á hinum nýja myndavef sem finna má á heimasíðunni seltjarnarnes.is.

Myndasafnið er sett upp á aðgengilegan hátt en meginuppistaða þess eru myndir sem Seltjarnarnesbær hefur varðveitt í gegnum árin en einnig hafa

einstaklingar lagt safninu til myndir úr einkaeigu. Eðli málsins samkvæmt mun safnið halda áfram að vaxa og dafna og eru Seltirningar og aðrir hvattir til að stuðla að vexti þess með því að senda inn myndir sem kunna að auka gæði þess. Myndavefurinn býður notendum upp á að senda inn upplýsingar um myndefni þar sem þeim er ábótavant og eru allar slíkar ábendingar sérstaklega vel þegnar, netfangið er myndavefur@seltjarnarnes.is.



ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



www.systrasamlagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU
VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Eldgrillaður
KJUKLINGUR



Tilboð

Eldgrillaður kjúklingur og 2 l.
af Coca Cola, Zero eða Light

1.699 kr/pk

Endurbætur á bókasafninu á Eiðistorgi

Menningar- og félagsmiðstöð Seltirninga

Gagngerar breytingar og endurbætur hafa verið gerðar á Bókasafninu á Eiðistorgi. Um er að ræða miklar lagfæringar á húsnæði þess en ekki síður hefur verið hugað að innra umhverfi og þjónustu þess. Að undanförunu hafa verkefni safnsins verið að breytast og þjónusta þess aukin og nú má segja að bókasafninu hafi verið breytt í menningarsetur fyrir Seltirninga og gesti.

Skipt var um öll gólfefni í húsnæði safnsins og veggir málaðri í hólfi og gólf. Sett voru upp ný ljós nema í tímaritadeildinni en ný ljós í svipuðum stíl eiga að koma þangað á næstunni. Skipt var um plötur í loft vegna þess að þak hússins hafði lekið en var endurnýjað á liðnu sumri og voru hinar nýju loftplötur framhald af þeirri aðgerð. Húsgögnin í tímaritadeildinni þar sem gestum gefst kostur á að setjast niður og fá sér kaffisopa voru endurnýjuð að því leyti að skipt var um áklæði sem var orðið slitid en sjálf húsgögnin eru sterkbygð og þægilega þannig að ekki var talin ástæða til að skipta þeim fyrir önnur og nýrri. Í tímaritadeildinni gefst gestum kostur á að taka með sér eitthvað matarkyns en kaffi er ávallt á boðstólum. Tímaritadeildin er eini staðurinn í safninu þar sem hægt er að vera með veitingar en á öðrum stöðum er það ekki hægt enda eiga matur og safnkostur bókasafns ekki góða samleið.

Bætt í barnadeildina

Þá hefur barnadeildin verið

stækkuð að flatarmáli og færð inn á mitt gólf en hún var endurgerð frá grunni fyrir nokkrum árum að fyrirmynd sem Teresa Himmer vann fyrir safnið. Barnadeildin er sérstök og mikil áhersla lögð á að vel fari um börnin. Nú hefur nýrri dýnu verið komið fyrir þar og innan tíðar koma ný dönsk svamphúsgögn. Á menningarhátíð Seltjarnarness sem verður í október er gert ráð fyrir að búið verði að koma sérstakri gagnvirkri segultöflu í barnadeildinni. Allar merkingar hafa verið sérhannaðar af Arnari Frey Guðmundssyni og Birnu Geirfinnsdóttir. Þess má geta að hringurinn í gólfinu sem blasir við þegar komið er inn í safnið er hluti af þessari hönnun. Hann er hannaður eftir bókstafnum O eins og hann er í hinni nýju leturgerð. Þá hefur rýminu á milli safnsins og verslun Hagkaupa sem er á neðri hæð verið lokað að mestu en eftir er að setja upp sjálfstýrða hurð við neðri enda stigans. Með því hefur verið byggt fyrir hávaða sem barst upp frá versluninni og einnig matarlykt sem vildi leita upp á efri hæðin og kitla bragðlauka starfsfólks og safngesta.

Flygillinn fékk uppreisn æru

Flygill safnsins hefur fengið uppreisn æru eða verið dreginn framar ef svo má að orði komast og er í miðju o-sins sem lýst er hér að framan. Talsvert er um tónleikahald í safninu og kemur hljóðfærið því oft að góðum notum. Gallerí Gróttu hefur líka fengið andlitslyftingu en miklar endurbætur voru gerðar á



Elsa Hartmannsdóttir og Kristín Bergljót Arnþórsdóttir starfsmenn Bókasafns Seltjarnarness.

**Endurbæturnar hafa tekist vel á Bókasafninu.**

sýningarrýminu fyrir um tveimur árum. Hurð inn í safnið var færð og við það fékkst meira veggpláss til sýningarhalds.

Rafbækur nú á boðstólum

Ein af nýjungum í Bóksafni Seltjarnarness er þjónusta með rafbækur. Safnið fékk auka fjárveitingu á árinu til þess að kaupa talsvert af rafbókum og var áhersla einkum lögð á unglingsbækur. Nú þegar eru komnir um þrjú þúsund rafbókatitlar í safnið. Notkun þess er einföld. Fólk þarf að fá aðgangskort og síðan pin-númer sem safnið lætur í té. Hugmyndin er einnig að fá Raspberry Pi tölvur þar sem krakkar geta fíkrað sig áfram með einfalda forritun og leiki, sett saman allskonar tæknivirkni með

Little Bits tæknikubbum og Makey Makey tæknisetum. Þar geta þau jafnframt lesið bækur um virkni þessara nýju tækni og aflað sér frekari þekkingar á sínum hraða.

Lesið fyrir hunda

Ýmsir viðburðir eru reglulega í safninu og má nefna þrjónakvöldin og bókmenntakvöldin og verður fyrsta bókmenntakvöldið 3. október n.k. Þá má nefna Tónstafi sem eru reglulega einu sinni í mánuði. Eitt óvenjulegt er komið á dagskrá safnsins en það er lesið fyrir hunda. Þá koma krakkar með heimilishundinn með sér í safnið og lesa fyrir hann og það er pláss fyrir sex krakka og hunda. Hundarnir þurfa að fá sérstaka þjálfun í að sitja kyrrir meðan á lestrinum stendur.

Nýjar haustvörur streyma inn

belladonna

Str.
38-58

gæludýr.is

FISKISLÓÐ



**Við erum komin
í vesturbæinn!**



Reykjavíkurl  Apótek

Áttunda nikkuballið á Nesinu

Ungmennaráð Seltjarnarness hélt á dögum Nikkuballið í áttunda sinn. Nikkuballið er einn af stóru viðburðunum sem Ungmennaráðið stendur fyrir. Ballið er haldið árlega við Smábátahöfn Seltjarnarness og er boðið upp á harmonikkudansleik og kaffiveitingar. Í ár var það harmonikkuleikarinn Þórður Arnar Marteinson sem mundaði nikkuna ásamt því að hljómsveitin Stjúpmæður steig á stökk en hún er skipuð ungum tónlistarkonum af Nesinu.

Ungmennaráðið hélt einnig á dögum Ungmennafing fyrir öll ungmenni á aldrinum 16 til 25 á Nesinu. Á þinginu voru kjörnir áheyrnarfulltrúar ráðsins í fagnefndum Seltjarnarnesbæjar ásamt því að starfsemi ráðsins í haust var skipulögð. Á næstu mánuðum stefnir ungmennaráðið á að sækja um styrk fyrir ungmennaskiptum erlendis, halda fræðslukvöld um heimsreisur, sjálfbodaliðastarf og skiptinám ásamt því að bjóða upp á mánaðarleg skemmtikvöld með eldri borgurum síðasta miðvikudag hvers mánaðar í

Skelinni. Önnin mun svo enda á Jólakaffihúsi Ungness sem er löngu orðinn fastur liður í jólahaldi Seltirninga.

Ungmennaráðið fundar í Skelinni - Ungmennahúsi Seltjarnarness og er ráðið opið fyrir öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára sem búsett eru á Nesinu. Hægt er að fylgjast með starfinu á Facebook ásamt því að hafa samband við ráðið í skilaboðum.



20% afsláttur
af bætiefnum frá Now

Gildir 21. september - 31. október

PC og Apple
tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra
ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



RECARO
Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Viðtalstími við bæjarfulltrúa

Bæjarfulltrúar Seltjarnarnesbæjar bjóða íbúum upp á viðtalstíma á Bókasafni Seltjarnarness frá kl. 17 - 19 á eftirtöldum dögum:

Þriðjudaginn 24. október kl. 17-19



Árni Einarsson



Sigrún Edda
Jónsdóttir

Þriðjudaginn 7. nóvember kl. 17-19



Bjarni Torfi
Álfþórsson



Margrét Lind
Ólafsdóttir

Þriðjudaginn 21. nóvember kl. 17-19



Guðmundur
Ari Sigurjónsson



Magnús Örn
Guðmundsson



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarfulltrúi og bæjarstjóri er með viðtalstíma alla daga eftir samkomulagi. Hægt er að bóka tíma með henni hjá þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959-100.



SELTJARNARNESBÆR




LJÓS OG PERUR

25%

AFSLÁTTUR

Gildir til 16/10



ÖLL
HANDVERKFÆRI,
VERKFÆRABOX OG
ALLAR JÁRNHILLUR

30%
AFSLÁTTUR

Gildir til 27/9



ÖLL
SKIL
RAFMA GNS-
VERKFÆRI

20%
AFSLÁTTUR

Gildir til 27/9



ALLIR

VELUX PAKGLUGGAR,
STIGAR OG ALLAR
TRÖPPUR OG
HÁBRÝSTIDÆLUR

25%
AFSLÁTTUR

Gildir til 27/9



BYKO
GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!



Jón Jónsson og Frikki Dór fóru á kostum í Brekkunni á Bæjarhátíðinni

Gleðin var svo sannarlega við völd á Seltjarnarnesi þegar bæjarhátíð Seltjarnarness fór fram. Þetta var í fimmta sinn sem hún var haldin en hátíðin í ár var sú umfangsmesta og dagskráin aldrei verið fjölbreyttari. Enn og aftur var metþáttaka og veðrið var með ágætasta móti alla helgina.

Hátíðin hófst með sundlaugarpartýi sem fram fór á föstudegi og hitti það beint í mark hjá bæjarbúum, sérstaklega yngri kynslóðinni. Frítt var í laugina og ræktina allan daginn, boðið var upp á tónlistaratriði þar sem fram komu hljómsveitirnar Stjúpmæður og Tapír. Þau glöddu gesti og gangandi með seiðandi og fjörugri sumartónlist. Þá var Olga Dobrorodnya kennari hjá World Class með vatna-zúmba sem vakti mikla lukku hjá sundlaugargestum. Arna - ís og kaffibar bauð upp á laktósafrían ís á sundlaugarbakkanum við mikla lukku gesta.

Jóhann stýrði af alunnri snilld

Í annað skipti í sögu Seltjarnarnesbæjar fór fram Brekkusöngur í Plútóbrennu á föstudagskvöldinu sem var einn af hátindum bæjarhátíðarinnar. Jóhann G. Jóhannsson leikari var kynnr kvöldsins og stýrði dagskránni af sinni alunnru snilld. Hinir bráðefnilegu strákar í hljómsveitinni Tapír hituðu upp fyrir Brekkusönginn í ár með nokkrum vel völdum rokklögum við góðar undirtektir bæjarbúa. Í framhaldinu steig popp-söngvarinn Frikki Dór á svið og skemmti



Frikki Dór og Jón Jónsson á sviðinu.

gestum við ansi góðar undirtektir og fögnuð þeirra. Síðastur til að stíga á svið var Jón Jónsson ein af stórstjörnum Íslands og jafnframt einn fremsti popp-söngvari landsins. Jón Jónsson söngvari stýrði brekkusöngnum í ár og tóku þeir bræður lagið saman við mikinn fögnuð viðstaddra. Bræðurnir geðþekku Frikki Dór og Jón Jónsson fluttu mörg af sínum vinsælustu lögum í bland við önnur. Bræðurnir spjölluðu líka eilítið á milli laga sem þeir deildu með áhorfendum og féll það vel í kramið hjá bæjarbúum.

Stemningin var stórkostleg

Stemningin í brekkunni var stórkostleg, en fjölmenni lagði leið sína á Brekkusönginn og talið er að hátt í 700 manns hafi mætt á svæðið. Bæjarins bestu buðu upp á pylsur og Veislan bauð upp á

rjúkandi heita íslenska kjötsúpu í brekkunni. Framtakan var afar vel tekið af bæjarbúum og skemmtu ungir sem aldnir sér vel saman.

Götugrill bar hæst

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fór fram á laugardegi og meðal þess sem var í boði var hjólareiðatúr með Bjarna Torfa bæjarfulltrúa, skemmtiskokk á vegum Trimmklúbbs Seltjarnarness. Íþróttafélagið Grötta bauð upp á ratleiki og þrautir sem og að deildirnar kepptu innbyrðis í fótbolta og handbolta. Jafnframt var bæjarbúum boðið á leik meistara-flokks karla í knattspyrnu á Vivaldi vellinum þar sem Grötta lék gegn Þór Akureyri. Það sem bar hæst á þessum degi var götugrill bæjarins sem haldið var sameiginlega fyrir öll hverfin á rólóvellinum við

Vallarbraut og var stemningin einstaklega góð. Þátttakan í götugrilli bæjarins fer vaxandi með ári hverju og er sannkölluð fjölskyldustund. Ánægjulegt var að sjá bæjarbúa taka höndum saman þar bæði ungir sem aldnir tóku þátt. Sumir hverjir tóku hverfalitinn sinn alla leið og mættu í sínum eigin einkennislit frá toppi til tår og dekkudu borð í sama lit.

Íbúar Miðbrautar alltaf skreytt vel

Íbúar Seltjarnarness kepptust við að skreyta húsín einkennislit sínum en veittar voru viðurkenningar fyrir frumlegustu húsaskreytinguna og flottustu götuna í Appelsínugulu messunni sem haldin var í Seltjarnarneskirkju á sunnudegi. Bollagarðar 101 hlaut titilinn frumlegasta húsaskreytingin í ár og Miðbrautin hlaut viðurkenningu fyrir að vera flottasta gatan í ár. Sjöfn Þórðardóttir verkefnastjóri Bæjarhátíðar Seltjarnarness afhenti Báru Jónsdóttur viðurkenningu fyrir frumlegustu húsaskreytinguna og verðlaun, gjafabréf út að borða fyrir alla fjölskylduna á Rauða Ljóninu. Andrea Þóra Ásgeirsdóttir tók við viðurkenningu fyrir hönd íbúana við Miðbraut en í fólkvið Miðbrautina hefur ávallt staðið sig framúrskarandi vel við að skreyta götuna sína og verið öðrum góð fyrirmynd til eftirbreytni.

Þúttmót og golfþrautir

Í tilefni Bæjarhátíðarinnar stóð Nesklúbburinn fyrir þúttmóti og golfþrautum á golfvellinum fyrir



Hausthreinsun Iceherbs!

Náttúrleg og virk bætiefni.

www.iceherbs.is



25%
AFSLÁTTUR
Í SEPT.

Með íslenskum fjallagrösom

Fæst í öllum apótekum, heilsuvörverslunum, Nettó, Hagkaupum og Fríhöfninni Keflavíkurlugvelli



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA



magnésíum

MAGNÉSÍUM með fjallagrösom



hreinsandi

MJÓLKURPISTILL með fjallagrösom



yngr kynslóðina og voru þeir einnig með leiðbeinendur frá Nesklúbbnum til að sýna börnunum grunntökin í golfi. Þessi nýbreytni vakti mikla ánægju meðal þátttakenda.

Tómas Gauti og Gissur Ari

Annar af hátindum Bæjarhátíðarinnar var lokasýning leikritsins „Ég og minn bipolar bróðir“. Leikritið er nýtt verk eftir Tómas Gauta Jóhannsson sem leikur jafnframt annað aðalhlutverkið ásamt Gissuri Ara Kristinssyni. Verkið fjallar um eineggja tvíburana Jakob (Tómas) og Pétur (Gissur) og þeirra lífsbaráttu, þegar annar þeirra greinist með geðhvarfasýki. Þeir verða svart og hvítt og margar hindranir standa í vegi fyrir þeim, bæði á hinu félags- og andlega sviði. Verkið er afrakstur skapandi sumarstarfa hjá Seltjarnarnesbæ. Bæjarbúum var boðið á leikritið og var fullur salur sem fagnaði ákaft þegar sýningu lauk og leikendum og leikstjóra var klappað lof í lófa. Lauk bæjarhátíðinni við þessa hátíðlegu stund.

Guerlain kynning hjá Leilu og gítarleikur Friðriks

Gaman er að segja frá því að ýmsar hefðir hafa verið að myndast kringum bæjarhátíðina og fyrirtækin innan bæjarinnar eru farin að taka meiri þátt í gleðinni með bæjarbúum. Sem dæmi má nefna að Snyrtistofan Leila bauð upp á Guerlain kynningu, gómsætar veigar og



ljúfa tóna. Friðrik Karlsson gítarleikari spilaði fyrir gesti og gangandi sem vakti mikla lukku. Arna ís- og kaffibar var með tilboð á rjúkandi heitum vöflum með ís, Íslenska Flatbakan bauð upp á pizzutilboð og Golfskálinn var með tilboð á golfmóti yngri kynslóðarinnar svo dæmi séu tekin.

Margir koma við sögu en fyrst og fremst bæjarbúar sjálfir

Eftirtöld fyrirtæki voru styrktaraðilar Bæjarhátíðar Seltjarnarness í ár, Arna ís- og kaffibar, Brim, Bæjarins Bestu pylsur, Nesskip og World Class. Án þátttöku þeirra væri Bæjarhátíðin ekki eins glæsileg og raun bar vitni og er þeim þakkaður stuðningurinn. Hryggjarstykkið í hátíðinni voru bæjarbúarnir sjálfir en án



þeirra þátttöku væri hátíðin svipur hjá sjón. Undirbúningurinn og hátíðin tókust mjög vel og við hlökkum til næsta árs.



Perú með Mundo - ævintýraferð!

Ógleymanleg ferð fyrir forvitna. Þá sem eiga stórafmæli eða vilja fagna lífinu. Brottför 8. nóvember.

Nánari upplýsingar hjá:
margret@mundo.is

MUNDO
www.mundo.is



Seljum allt lín til Hótela, Gistiheimila, RB&B, Heilsustofnana og Veitingahúsa.

Þýsk gæðavara frá Zollner sérstaklega hannað með mikinn þvott í huga og einstaklega slitsterkt.



EFNALÖG
BJÖRG
MJÓDD

5572400

EFNALBJORG@SIMNET.IS

VIÐ ERUM EINNIG Á FACEBOOK

Viðtal við Gunnhildi Arnardóttur

Fólk skilar betri árangri ef því líður vel í vinnunni

Hugtökin mannaður og mannaútsjórnun verða æ algengari í daglegri umræðu. Nesfréttum lék hugur á að fjalla um fyrir hvað þau standa og fékk Gunnhildi Arnardóttur til spjalls um hver sé sannleikurinn að baki þessum orðum. Gunnhildur hefur unnið lengi að starfsmannastjórn og tengdum verkefnum og hefur yfirgripsmikla reynslu í starfsmannamálum. Hún starfaði sem starfsmanna- og skrifstofustjóri hjá Samvinnuferðum-Landsýn á árunum 1987 til 2000, var starfsmanna- og skrifstofustjóri hjá frumkvöðlafyrirtækinu Zoom, verkefnisstjóri hjá Háskólanum í Reykjavík og annaðist einnig kennslu við Opna háskólann. Hún var framkvæmdastjóri starfsmannasviðs hjá Securitas og starfar nú sem framkvæmdastjóri Stjórnvísí og framkvæmdastjóri og stofnandi frumkvöðlafyrirtækisins CEO Huxun. Gunnhildur ásamt Trausta Harðarsyni meðstofnanda sínum er með starfsstöð í Innovation House á Eiðistorgi þar sem mörg sprotafyrirtæki starfa og hefur búið á Seltjarnarnesi um tveggja áratuga skeið. Hún vék fyrst að frumkvöðlasetrinu á Eiðistorgi.

“Mér finnst ég heppin að starfa í Innovation House. Hér er kröftugt umhverfi fullt af frumkvöðlum og Jón von Tetzchner stofnandi þess og eigandi valdi þessa staðsetningu vegna þess að hér er hægt að horfa á sjóinn en sjóinn skiptir hann miklu máli, stutt í alla þjónustu og sjálfur er hann alinn upp á Seltjarnarnesi til 20 ára aldurs, Jón hvatti okkur til að deila þekkingu okkar í milli og búa til öflugan og dínámískan hóp. Hér er borguð lág leiga sem er hans framlag til íslensku þjóðarinnar í þessum efnunum. Hér á Eiðistorginu eru um 20 fyrirtæki flest í einhvers konar nýsköpun. Hér er verið að búa til ýmsar vörur – vörur á borð við tölvuleiki, vafra og ýmis önnur kerfi og jafnvel búið að setja á stofn jafn áhugavert fyrirtæki eins og ferðaskrifstofuna Mundo.”

Að halda utan um málefni starfsmanna

“Ef til vill er von að spurt sé hvað felist í hugtökunum mannaður og mannaútsjórnun. Þau eru ung í samfélagi okkar og málfari,” segir Gunnhildur. “Í mjög stuttu máli felst mannaútsjórnun í því að halda utan um málefni starfsmanna í samræmi við stefnu fyrirtækis eða stofnunar og tekur þar af leiðandi á mörgum þáttum. Meðal annars má nefna boðmiðlun og samskipti. Mannaútsjórnun kemur að frammistöðumati, annast starfsmannaviðtöl, þjálfun leiðtoga, teymis- eða hópvinna og samhæfðu skorkorti. Um þetta mætti ræða í löngu máli. Þetta er svo fjölbætt og snýr að mörgum þáttum mannlegra eiginleika og hvernig þeir birtast og nýtast í hinum ýmsu og ólíku störfum.” Gunnhildur segir að mannaútsjórn hafi breyst mikið í gegnum árin. Fyrsta mannaútsjórnunar-



“Ég fer næstum daglega út að ganga með hundinn minn – oftast meðfram ströndinni og nýt andvarans sem kemur á móti manni af hafinu. Ég mæti líka áhugaverðu og skemmtilegu fólki á þessu rölti, segir Gunnhildur. Myndin er tekin út undir Gróttu á einni slíkri göngu. Þarna hefur hún tyllt sér á stein í varnargarðinum með hundinn eða “heimilisfastinn” eins og hann var kallaður í samræðum sem urðu við gerð þessa viðtals.

kerfið hafi orðið til um 1970. Þá hafi listi verið settur saman til þess halda utan um mannaúð og síðar hafi orðið til tækni til þess að tengja hann við stimpilklukku sem hafi verið mikil breyting. “Fyrstu kerfin byggðust einkum á að halda utan um ákveðna tölræði. Ákveðnar upplýsingar. Með tímanum hafa þau þróast í að vera stýring til meiri árangurs í fyrirtækjum. Mannaútsjórnun hefur þannig breyst úr hreinum upplýsingum í að mæla upplifun mikilvægustu þátta í starfsumhverfinu sem hægt er að nota til þess að skapa meiri vellíðan og ná betri árangri fyrir alla hagsmunaaðila. Að fólki líði vel og að vinnustaðurinn fái sem mest og best úr hverjum starfsmanni. Fólk skilar betri árangri ef því líður vel í vinnunni.”

Mig vantaði mælitæki

Síðan berst talið að fyrirtæki Gunnhildar CEO Huxun. Af hverju hún hafi fengið þessa hugmynd og hvernig það hafi orðið til. “Eftir að hafa starfað við mannaútsjórnun hjá mörgum fyrirtækjum í gegnum árin fann ég betur og betur að alltaf vantaði ákveðnar upplýsingar þar sem engin mælitæki voru til þess að mæla þann árangur sem mannaútsjórnun þurfi að gera. Ég fann að á framkvæmdastjórnarfundum í fyrirtækjum þar sem ég starfaði að ég hafði ekki sambærilegar upplýsingar tiltækar er vörðuðu mitt starfssvið og aðrir stjórnendur sem störfuðu við hliðina á mér. Fjármálastjórninn hafði oftast tiltækar tölur

um rekstrarstöðu frá einum mánuði til annars og sölustjórninn gat gefið upp nýjar sölutölur í lok hvers mánaðar. Þetta voru upplýsingar sem ég hafði ekki tiltækar úr mannaútsjórnuninni til þess að sjá hvaða áhrif mannaútsjórnunar höfðu á sölu- og fjármálatölur. Þegar ég var að byrja að starfa við þetta þá voru gerðar mælingar einu sinni á ári hjá mörgum fyrirtækjum sem miðuðu að því að kanna mannaúð í fyrirtækjum. Mér fannst það engan veginn fullnægjandi og ákvað því að leggja höfuðið í bleyti. Spurningin sem ég vildi fá svör við var hvernig fólk upplifði mikilvægustu þætti starfsumhverfisins í raun-tíma – það er á hverju tímabili fyrir sig frá einum mánuði til annars. Svo margt getur breyst á heilu ári í fyrirtækjum að mælingar sem gerðar eru með árs millibili geta vart talist raunhæfar. Þessar hugleiðingar mínar urðu til þess að ég fór að huga að því hvað ég gæti gert sem endaði með að ég ásamt félagamínun Trausta Harðarsyni stofnaði CEO Huxun á árinu 2010 með það fyrir augum að búa til kerfi eða öllu heldur mælitæki til þess að mæla upplifun og líðan starfsfólks með mun nákvæmari hætti en verið hafði. Við völdum nafnið út frá þessu verkefni en Huxun er gamall ritháttur nafnorðsins hugsun sem notað er í dag og tekur til mannshugans.” Mælitækið er þróað út frá fimm erlendum rannsóknunum sem tengja saman fjárhagslegan ávinning vinnustaðarins við ánægju og upplifun starfsmanna.

Um 350 stjórnendur og 5000 starfsmenn

Gunnhildur segir að hún hafi verið svo heppin að fá tvö fyrirtæki strax á fyrsta mánuði í viðskipti þar sem stjórnendur vildu prufa aðferð til að mæla mannauð og eiga upplýsingar um hann eins og aðrar lykiltölur í sínum rekstri. “Við glöddumst yfir þessum viðbrögðum og það jók okkur áhuga og kjark til þess að halda áfram. Fyrirtækið hefur vaxið hægt og bitandi á þeim sjö árum frá því það hóf starfsemi. Það er mikils virði fyrir nýsköpunarfyrirtæki að geta þróað vöruna frá byrjun með greiðandi viðskiptavinum. Í fyrria var fyrirtækið valið fyrst íslenskra fyrirtækja af Nýsköpunarmiðstöðvum Norðurlandanna til að fara á TINC. Það stendur fyrir “Technical incubator” eða tæknilega útungunaryfél og er í Silicon Valley í Bandaríkjunum. Okkur bauðst að fara þangað með tvo starfsmenn og dvelja þar í rúman mánuð. Þar fengum við alla færustu sérfræðingana í þessum málum sem skoðuðu vöruna okkar og gáfu ráð. Það var mál manna að við værum sannarlega með vöru sem ætti erindi bæði á Bandaríkjamarkað og til Norðurlandanna. Í dag notfæra um 350 stjórnendur og allt að 5000 starfsmenn sér þessar mælingar mánaðarlega og það auðveldar bæði stjórnendum og öðrum starfsmönnum að leiða hugann að því hverjir séu mikilvægustu þættir í þeirra daglegu störfum.”

Mælitækið HR Monitor er einskonar hjartamæling

„HR Monitor stendur fyrir Human resource monitor,“ útskýrir Gunnhildur en bendir á að þegar HR monitor sé slegið inn í leitarvélar komi iðulega upp hjartamælingartæki. „Það passi bara ágætlega enda sé starfsfólkið bæði hjarta og drifall hvers fyrirtækis. “Margir horfa til þess að vaxa upp úr grasrótinni í störfum sínum, færast upp á við eða “bottom up” eins og það er kallað á enskri tungu. Þessar mælingar gefa fólki ráðrúm og tækifæri til að staldra við og íhuga til hvers er ætlast af því og hvernig það geti mætt þeim væntingum. Einnig sjá stjórnendur hvernig þeir eru að standa sig. Ég byggji þessa mælingu upp á fimm punkta skala með átta lokuðum spurningum. Ein spurningin er opin og þá getur viðkomandi fyrirtæki valið að hverju það vill spyrja starfsmenn sína. Sem dæmi um slíkar

spurningar má nefna af hverju er starfsmaðurinn stoltastur og hverju hann myndi helst vilja láta breyta í fyrirtækinu.”

Tengslamyndun nauðsynleg

Gunnhildur minnst á mikilvægi tengslamyndunar. Segir að með henni sé unnt að færa þekkingu á milli fólks og gera því mögulegt að leiðbeina hvort öðru. “Ég tel mikilvægt fyrir fólk sem starfar innan sama vinnustaðar eða fyrirtækis að hafa tækifæri til þess að deila þekkingu sín á milli. Þetta á ekki síst við þegar unnið er að nýsköpun. Ákveðið hugrekki þarf til þess að hefja vinnu við að skapa eitthvað nýtt – eitthvað sem ekki hefur verið gert áður. Fólk er oft að leggja allt sitt undir og starfar á litlum launum. Að minnsta kosti til að byrja með. Og svo er alltaf spurning um hvort varan verður vinsæl þegar þróunarstarfinu er lokið og framleiðsla getur hafist.” Gunnhildur segist hafa verið svo heppin að geta þróað vöru CEO Huxum með viðskiptavinum sem keypt hafi vöruna – það mælitækin til mannauðsmælinganna. Þetta hafi gengið vel hér innanlands en sé verið að þreifa fyrir sér um hvort hún sé hæf fyrir erlenda markaði. “Í tengslum við Innovation Hause höfum við tækifæri til að skoða þá möguleika bæði í Noregi og í Boston. Og nú erum við að kanna hvernig erlendum aðilum lýst á hana. Leið markaðsstarfsins getur verið erfið og jafnvel grýtt og það sé ekkert annað en þolinmæðin sem sigrar. Sigar hún ekki þrautir allar.” Hún segir að huga þurfi að því hvort varan hitti í mark, hvort hún komi til með að draga fjármuni til sín og hvort og á hvern hátt hún geti bætt heiminn. Einnig verði að gæta kynjahlutfalla. Lengi hafi konur forðast tölvuvinnu en það sé sem betur fer að breytast en mætti ganga hraðar. “Hjarna eru ekki margar konur og það eru mun fleiri karlar í hópi forritara.”

Alltaf haft áhuga á félagsmálum

Gunnhildur Arnardóttir var valin EMBLA ársins 2015. Hvað eru Emblur. “Emblur eru félagskapur kvenna sem útskrifast hafa með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Við höldum hópinn, hittumst og setjum upp dagskrá árlega sem miðar að því að fræða. Við reynum að fá góða fyrirlesara til þess að hvetja okkur áfram í því sem við

erum að fást við. Ég hef tvisvar verið heiðruð af forseta Íslands fyrir störf sem tengjast stjórnun og málefnum mannauðs og ég hef allt tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum og hef verið ötul við að bjóða mig fram til félagsstarfa. Ég sit meðal annars í Advisory Board í Háskólanum í Reykjavík fyrir MBA námið og er í stjórn Reykjavíkur Rotarý Miðborg.”

Nesið hefur allt sem við þurfum

En það er ekki bara Eiðistorgið og frumkvöðlasetrið við sjávarsiðuna sem hefur heillað Gunnhildi. Hún býr sjálf á Nesinu og segist búa við skemmtilegustu götu í heimi. En hvernig kom það til. “Það er saga að segja frá því,” segir Gunnhildur. “Þannig var að sú hefð hafði skapast að halda götugrill í Sævargörðum sem er góð leið til þess að gefa fólki kost á að hittast og kynnst. Fyrir sjö árum kviknaði sú hugmynd að konurnar í götunni færu allar í heimsókn í öll húsin við götuna. Og við létum verða af þessu. Fórum í heimsókn í öll húsin og nutum frásagna og gestrisni húsráðenda. Þetta var einstök upplifun og fólk hafði mjög gaman af þessu uppátæki. Sagt var frá þessu á baksíðu Morgunblaðsins undir fyrirsögninni “Skemmtilegasta gata í heimi” og tekin mynd af okkur á röltinu. Þannig varð nafngiftin til. Ég hef búið í um 20 ára á Seltjarnarnesi og finnst það frábært. Fyrir því eru margar ástæður. Náttúrufergurðin er ein þeirra. Ég fer næstum daglega út að ganga með hundinn minn – oftast meðfram ströndinni og nýt andvarans sem kemur á móti manni af hafinu. Ég mæti líka áhugaverðu og skemmtilegu fólki á þessu rölti. Ég held að fyrir utan náttúrufergurðina sé nálægðin einn helsti kostur Seltjarnarness. Hér búa líðlega fjögur þúsund manns og samfélagið hefur bæði yfir sé blæ dreifbýlis og þéttbýlis. Yngsta barnið okkar er búið að vera hér alla tíð. Hefur alist upp á Nesinu frá fæðingu og því hef ég kynnst skólafarfinu. Ég get ekki hugsað mér betri skóla en hér og hér er líka allt á sama punktinum. Skólinn, tónlistarskólinn, félagsstarfið og íþróttirnar. Sonur minn vann meðal annars við að byggja kofa á smíðavellinum, vann síðan við að fylgja börnum sem voru að fara frá leikskóla yfir í grunnskóla og starfar núna sem stuðningsfulltrúi í Mýró. Hann er sestur aftur í sex ára bekk eftir 14 ára fjarveru frá honum. Ég get gengið í vinnuna. Nesið hefur allt sem við þurfum.”



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstaði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málingarverkstaði vottað af Bilgræinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stýðjumst við tæknipplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að víðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um óil rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinsun á bil.



Mössun / snyrting á lakki
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkimössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í víðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins víðurkennð efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón ofl. Frir þvottur fylgir öllum víðgerðum.



Innréttingar / áktaði
Tökum að okkur víðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smávíðgerðir
Samhlíða víðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Frí Sigurlaug

Mjódd s. 774-7377

www.frusigurlaug.is

Frí póstsending

Fylgstu með á facebook



Verð 4.500 kr.



Verð 6.300 kr.

Ný og stærri
verslun í
Mjódd



Verð 5.200 kr.



Verð 6.300 kr.

Sundbolur • Tankini
Bikini • Strandfatnaður
Undirföt • Náttföt
Sloppar • Undirkljolar
Innskór • Aðhaldsföt

Seltjarnarnesið skartaði sínu fegursta í sumar

Bjarnarklól, tröllaklól, Lúpína og Kerfill

Bjarnarklól og tröllaklól eru meðal tegunda sem nýverið voru settar á lista Evrópusambandsins yfir ágengar tegundir, sem eru líklegar til að valda skaða. Á síðustu árum hafa risahvannartegundirnar bjarnarklól og tröllaklól breiðst út á Íslandi.

Á Nesinu hefur Kerfill og Lúpína einnig breiðst út. Garðyrkjustjóri bæjarins hefur verið með átak í gangi undanfarin sumar að fjarlægja þessar tegundir úr bæjarlandinu. Við það eykst varpland fugla, en á vestursvæðunum við Bakkatjörn hefur Kerfillinn breiðst hratt út, jafnt og þétt. Lúpínan hefur verið að breiðast út á Valhúsarhæðinni. Óskað er eftir þátttöku íbúa að skoða sína garða, hvort slíkar tegundir séu í gördum þeirra.

Fuglaáhugamenn flykkjast að Bakkatjörn

Mikill áhugi er hjá áhugafólki um fugla að fara í fuglaskoðunarferð að Bakkatjörn. Nýtt fuglaskoðunarhús hefur nýst vel við þá iðju. Fjöldi tegunda hafa sést við Bakkatjörn. Ólafur Gunnar Sæmundsson íbúi á Nesinu hefur verið mjög duglegur að mæta með myndavélarnar sínar og tekið margar fallegar myndir af fuglalífnum á Vestursvæðunum og birt þær m.a. á facebook „Íbúar Seltjarnarness“.

Reykjavíkumaraþon 19. ágúst sl.

Ég ætlaði ekki að trúa þeim fjölda sem hljóp hringinn í kringum Seltjarnarnesið á þessum fagra laugardegi. Hlauparar hafa margoft lýst mikilli ánægju með leiðina um Nesið, ekki bara hversu fögur hlaupaleiðin er, heldur hvað Seltirningar eru duglegir að hvetja hlauparana áfram. Íbúar

á Nesinu taka svo sannarlega þátt í þessu verkefni hlaupara að: „hlaupa til góðs“. Margar fallegar myndir birtust á netmiðlum af hlaupurum, hlaupa fram hjá Gróttu meðfram Norðurströndinni þar sem fólk sat og hvatti hlauparana áfram.



Ásgerður
Halldórsdóttir.

Bollasteinn

Útilistaverk Ólafar Nordal „Bollasteinn“ hefur verið vinsæll áningarstaður fyrir fólk í allt sumar. Listaverkið var mótað úr heilum grágrýtissteini. Það að geta setið í einstöku umhverfi og láta fara vel um sig í fjöruborðinu og dýfa tånun í fótalaugina Bollastein er einstök upplifun. Þessi steinn hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá fjölskyldufólki sem leyfir börnum sínum að busla með fætunarnar í heita vatninu, sem kemur úr hitaveituborholunni ofar á svæðinu.

Hvað er látið gossa í klósettin

Túrtappar, tannþráður, bleiur og eyrnápinar hent í klósettin? Mikil umræða var í fjölmiðlum í sumar vegna skólps sem veitt var í sjóinn í Skerjafirði vegna bilunar á dælustöð. Meðan viðgerð stóð yfir, varð mikil umræða um sóðaskapinn sem varð eftir í fjörunni. Umhverfisstofnun skoðaði m.a. fjöruna fyrir neðan Nesbalann við Suðurströnd. Þar kom í ljós að ýmsu er hent í klósettin sem eiga að fara í almennt rusl. Eftir þessa miklu umræðu í júlí tel ég að fólk sé betur upplýst um hvað á að fara í almennt sorp héðan í frá.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

Systrasamlagið keppir í HM í hafragrautargerð í Skotlandi

“Þetta verður áhugavert og við erum sérlega spenntar fyrir því að hitta annað fólk og læra af helstu sérfræðingnum heims hafragrautargerð, segir Guðrún Kristjándóttir önnur systirin í Systrasamlaginu sem keppir 7. október nk. fyrir hönd Ísland HM í hafragrautargerð í skosku hálöndunum. Keppnin nefnist Golden Spurtle og er sú virtasta sinnar tegundar í dag.

“Þetta kom þannig til að maður að nafni Nick Barnard eigandi og stofnandi Rude Health, sem er orðið mjög vinsælt vörumerki um allan heim, kom við í Systrasamlaginu á Óðinsgötu í Íslandsheimsókn sinni snemma sumars. Þar fékk hann m.a. að bragða á hafragrautum okkar. Og það er skemmst frá því að segja að í beinu framhaldi hafði hann samband við okkur og spurði hvort að við vildum keppa á Golden Spurtle, sem hann hefði pottþétt ekki gert hefði honum ekki líkað grauturinn,“ segir Jóhanna.

Guðrún upplýsir að keppt verði í tveimur greinum. Hefðbundinni hafragrautargerð að hætti Skota þar sem eingöngu má notast við hafra,



Hafragrautur að hætti
Systrasamlagsins

salt og vatn en líka í óhefðbundinni. Í þeim flokki ætla Guðrún að malla hafragraut úr glútenlausum, spíruðum og lífrænum höfrum og bæta við allskyns kryddum og og hollu góðgæti. Sá grautur mun læðast inn í Systrasamlagið bráðlega. Til viðbótar við þá sem fyrir eru.

“Keppendur verða hvaðanæva að úr heiminum og Carrbridge í skosku hálöndunum verður fullur af skemmtilegu fólki keppnisdaganna. Þetta er alvöru keppni. Það er engin vafi, segir Guðrún og Jóhanna, sem



Systurnar Guðrún og Jóhanna.

aðstoðar systur sína í Skotlandi, heldur áfram: “Það var ekki hægt að neita því að taka þátt í svona ævintýri.”

Aðspurðar segjast systur afar hrifnar af góðum og hollum hafragraut, sem þær segja næstum hafa orðið undir í “kornföbiunni” sem geisaði yfir fyrir nokkrum árum. “Hafragrautur er öndvegis morgunmaturlíka líka frábær í hádeginu og jafnvel á kvöldin líka. Ég las það nýlega að elsta fjölskylda í heimi borði gjarnan hafragraut í kvöldsnakk,“ segir Guðrún að lokum.

Við óskum systrunum góðs gengis í Skotlandi.

DAGSKRÁ HAUST 2017

OKTÓBER

3. október kl. 19.30



BÓKMENNTAKVÖLD – Napolísögur Elenu Ferrante

Brynja Cortez, þýðandi hinna geysivinsælu vinkvennabóka eftir Elenu Ferrante, verður gestur á fyrsta bókmenntakvöldi vetrarins. Brynja les upp úr og fjallar um þýðingarverk sín sem hafa slegið í gegn á undanförunum árum.



4. október kl. 17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður bókin
Ég er klárastur

Höfundur:
Mario Ramos



5. október kl. 17.30

Tónstafir

Jón Óskar Jónsson trommur
og Helgi Rúnar Heiðarsson
saxófónn



12. - 15. október
Menningarhátíð

28. október kl. 11.00 - 12.00

Lesið fyrir hund – Vigdís – Vinir gæludýra á Íslandi

Skráning á netfangið
sigridurgu@nesid.is
eða í síma 5959-170.
Sex börn komast að
í hvert skipti.



Bókasafn
Seltjarnarness

Opnunartími:
mán. - fim. 10-19
og fös. 10-17
Lau. 11-14

Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi skrifar

Byggjum alvöru brú á milli fæðingarorlofs og leikskóla

Seltjarnarnesbær hefur um nokkurt skeið stefnt að því að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Það er rökrétt framfaraskref í kjölfarið á breyttu samfélagsmynstri þar sem í langflestum tilvikum eru báðir foreldrar á vinnumarkaði. Það skapast mikið álag og stress við það að ljúka fæðingarorlofi og ekkert öruggt úrræði tekur við börnunum þegar ætlast er til að foreldrar mæti til vinnu. Sumir foreldrar missa einfaldlega vinnu sína eða þurfa að taka sér launalaust frí.

Hingað til hafa foreldrar þurft að reiða sig á dagforeldra til að passa börnin þegar þau snúa aftur til vinnu. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi og starfa oftast einir svo ef upp koma veikindi hjá dagforeldrum, börnum þeirra eða ef þeir þurfa frí þá er úrræðinu einfaldlega lokað. Einnig er staðreyndin sú að þó við á Seltjarnarnesi höfum verið heppin með marga öflugra dagforeldra þá er erfitt að hafa öflugt eftirlit með dagforeldrum þar sem þeir starfa einir og börnin eru ekki farin að tjá sig. Það er því nánast ómögulegt að vita með fullvissu hversu faglegt starf fer fram hjá hverju dagforeldri fyrir sig eða hvort hreinlega sé brotið á börnum á meðan á dvölinni stendur. Þessar aðstæður mundi sveitarfélagið aldrei sætta okkur við í öðru starfi með börnum hvort sem það er í skólaumhverfi eða tómstundum þar sem meginreglan á að vera að láta börnin njóta vafans. Til viðbótar þá er alls ekki gefið að foreldrar fái pláss hjá dagforeldrum enda hefur þeim fækkað hratt á Nesinu. Í byrjun árs 2013 voru starfandi fimm dagforeldrar á Nesinu en þegar þessi tillaga er skrifuð þá er einn starfandi dagforeldri og einn er í veikindaleyfi en reiknar með að snúa aftur þegar líða fer á haustið.

Annað vandamál varðandi inntöku yngstu barnanna í leikskóla er að hingað til hefur Leikskóli Seltjarnarness aðeins tekið inn börn einu sinni á ári sem gerir það að verkum að heilmiklu munar hvernig sveitarfélagið þjónustar börnunum eftir því í hvaða mánuði þau fæðast. Einn dagur getur gert

það að verkum að barn þarf að bíða heilu ári lengur eftir pláss í leikskóla en jafnaldrar sínir.

Fyrri vinna

Seltjarnarnesbær hefur tvisvar á stuttum tíma sett á laggirnar nefnd sem fékk það hlutverk að leggja fram tillögur um að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Fyrri nefndin skilaði af sér skýrslu með þremur tillögum í október 2013. Þær tillögur voru:

1. Að byggja ungbarnaleikskóla
2. Að auka stuðning við dagforeldra
3. Að þróa sértækt tilboð fyrir 5 ára börn sem færi fram í grunnskólanum, kálfurinn var þá sérstaklega nefndur sem hugsanleg staðsetning eða Skólabraut 1

Seinni nefndin skilaði skýrslu í nóvember 2015 sem innihélt tillögu um hvernig hægt væri að útfæra tillögu 3 um sértækt tilboð fyrir 5 ára börn í grunnskólanum. Sú tillaga innihélt að Skjólíð yrði fært í Kálfinn og að 5 ára börnin myndu nýta sér gömlu aðstöðu Skjólíðs sem myndi þá skapa aukið pláss á leikskólanum til þess að taka inn yngri börn.

Bærinn hefur nú ráðist í þá framkvæmd að færa Skólaskjólíð yfir í Kálfinn en sú staða er komin upp sem ekki var gert ráð fyrir í tillögu seinni nefndarinnar að stóraukin eftirspurn er eftir frístundaúrræði fyrir 3. og 4. bekk og hafa þau komið sér fyrir í aðstöðu gamla Skjólíðs og eru að fullnýta þá aðstöðu ásamt nærliggjandi kennslustofum.

Sú staða er því komin upp að fyrirbyggjandi áætlanir eru komnar í uppnám á sama tíma og börnum á Nesinu er að fjölga aftur eftir mikla fækkun síðastliðna ára. Við vonum að börnum haldi áfram að fjölga á næstu árum með uppbyggingu nýs hverfis, þéttingu byggðar á lóðum sem nú eru í framkvæmdum og breyttu aldursmynstri

íbúa. Þetta varð til þess að inntökualdur í Leikskóla Seltjarnarnes færðist ofar á sama tíma og fjölgað var í deildum á leikskólanum og pláss samnýtt í ríkari mæli en áður.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Tillaga

Það er því komin tími á að skoðuð verði framtíðarlausn í þessum málum sem getur staðið af sér fjölgun barna á Nesinu og raunverulega brúað bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla. Ég legg því til eftirfarandi fjórar tillögur:

1. Að Seltjarnarnesbær geri úttekt á kostnaði við byggingu nýs ungbarnaleikskóla á Vallarbrautarróló ásamt stækkun á Leikskóla Seltjarnarness á Ráðhúsreitnum. Húsnæðisþörfin er að Seltjarnarnesbær geti tekið inn öll börn sem hafa náð 9 mánaða aldri og að tekið sé að minnsta kosti tvisvar inn í leikskólann á ári.

2. Að stjórnendur Leikskóla Seltjarnarness í samráði við Skólanefnd stilli upp sviðsmyndum hvernig væri best að skipta deildum á milli nýs ungbarnaleikskóla, Mánabrekku og Sólbrekku. Sviðsmyndir mega innihalda Holtið en best væri ef nýtt úrræði myndi koma í staðinn fyrir Holtið þar sem það er lítil starfsstöð í leiguhúsnæði.

3. Að skipulagsnefnd útlisti og útfæri þær breytingar á gildandi skipulögum sem hver tillaga myndi kalla á.

4. Að bæjarráð skoði rekstrarkostnað sveitarfélagsins við það að reka ungbarnaleikskóla og einnig ef úrræðið væri einkarekið.

Kallað er eftir því að þessari vinnu verði lokið fyrir 1. janúar 2018.



Það er einfalt að flokka plastumbúðir á Seltjarnarnesi

Pokar fyrir plastumbúðir fást íbúum að kostnaðarlausu í íþróttamiðstöðinni



1 Skolið umbúðir svo ekki komi ólykt við geymslu



2 Staflað þeim saman svo þær taki minna pláss

3 Setjið umbúðirnar í pokann og bindið fyrir þegar hann er fullur



4 Setjið pokann í gráu tunnuna fyrir almennt sorp



Við flokkum pokana svo frá öðrum heimilisúrgangi í móttökustöð SORPU og komum plastinu í endurvinnslu

GERIR HÚÐ ÞINNI KLEIFT AÐ TAKA UPP
50% MEIRA SÚREFNI*

NÝJUNG

**GEFUR ÞREYTTRI HÚÐ ORKU
OG MINNKAR FÍNAR LÍNUR**



NIVEA.co.uk

*prófað í tilraunaglasí

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

NÁMSKEIÐ, FJÖR OG FERÐALÖG

Þá er félags- og tómstundastarfið hjá eldri bæjarbúum komið á fullt skrið. Nú þegar er búið að fara í eina „óvissuferð“ sem farin var um miðjan ágúst í Guðmundarlund í Kópavogi. Full rúta af fólki, fallegurundur og yndislegt verður. Sem sagt góður dagur!

Vöflukaffið og kynningarfundurinn varðandi starfið í vetur var haldinn í Félagsheimili Seltjarnarness fimmtudaginn 31. ágúst sl. Vel yfir 100 manns mættu.

Forstöðumaður félags og tómstundastarfsins Kristín Hannesdóttir fór yfir dagskrána í stórum dráttum og kynnti til leiks nokkra af þeim sem koma að starfinu í vetur og sögðu þeir frá því sem framundan er. Þeir sem tóku til máls auk Kristínar voru Snorri Aðalsteinsson, félagsmálafulltrúi bæjarins, Alda Magnúsdóttir jógakennari, Sr. Bjarni Þór frá kirkjunni, Guðmundur Ari og Jóhann Þór frá ungmennaráði og Skelinni, Kriztína frá Hreyfilandi og Magnús bridgespilari. Skráningarblöð vegna allra námskeiða lágu frammi á fundinum og voru mjög margir sem nýttu það og skráðu sig á hin ýmsu námskeið.

Fyrsta bridenámskeiðið fór af stað 4. september og var það nánast fullskípað.

Í kjölfarið á námskeiðinu stendur til að stofna Bridgeklúbb Seltjarnarness og verður það auglýst nánar þegar þar að kemur. Einnig hefur mjúk-leikfimin hjá Kriztinu í Hreyfilandi farið vel af stað og alltaf fleiri að bættast í þann hóp.

Námskeiðið í bókbandi hófst fimmtudaginn 14. september og er mögulega einu plássí óráðstafað þar. Þegar þessar línur eru skrifaðar þá er ýmislegt framundan. „Óvissuferð“ í Kjósina, Hvalstöðina og á Bjartheyjarsand þann 21. september og er þátttakan í þá ferð mjög góð. Miðvikudagskvöldið 27. september kl. 20.00 verður samvera yngri og eldri í Skelinni og eru allir velkomnir. (Skelin er staðsett í húsnæðinu undir heilsugæslunni).

Þann 28. september á fimmtudagskvöldi kl. 19.30 verður haustfagnaður í salnum á Skólalbraut með tilheyrandi grillveislu, tónlist og dansi. Það er aldrei of seint að slást í þann hóp og skráning stendur yfir.

Föstu liðirnir í dagskránni skv. útgefnu dagskrárblaði halda svo áfram inn í október. Kaffimorgnarnir, handavinnan, púttið, biljarðinn, jógað, vatnsleikfimin svo eitthvað sé nefnt. Sunnudaginn 1. október verður ferð í Þjóðleikhúsið á sýninguna Með fulla vasa af grjóti, bíósýning í salnum 3. október, félagsvist í salnum 5. október og bingó í salnum 12. október.

Sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar verður svo farin þriðjudaginn 24. október og verður það dagsferð sem verður auglýst betur þegar nær dregur.

Skemmtilega bingóið okkar í Golfkálunum verður svo fimmtudaginn 26. október. Allar upplýsingar um dagskrána og starfið almennt ásamt skráningu á námskeið og viðburði liggja frammi á Skólalbraut og hjá forstöðumanni félagsstarfsins Kristínu Hannesdóttur í síma 8939800.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUÐ • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins - Þúfutittlingur


Þúfutittlingur er lítill, einkenna-snauður spörfugl og einn af okkar bestu söngfuglum. Hann flýgur beint upp í loftið með mjóróma tísti og lætur sig síðan falla aftur í svifflugi með hröðum, dillandi söng. Þúfutittlingur er algengur varpfugl og farfugl á Seltjarnarnesi. Hann fer að sjást um 20. apríl og er yfirleitt horfinn í lok október. Þúfutittlingar eru oft mest áberandi á fartíma á haustin en hafa sést í öllum mánuðum ársins. Þúfutittlingurinn verpir víða í þurrum og blautum mótum, hann gerir sér vandað hreiður, vel falid utan í þúfu eða öðrum gróðri. Varpstofninn virðist hafa verið svipaður í rúma hálfu öld, um 1955 er hann talinn vera 10 pör, 15 pör 1986 og 10-11 pör 2011 og 2013.



Jóhann Óli Hilmarsson

SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐAMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í gördum sínu. Þar sem gróðurinn vex með með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðamörk eða slúti þannig yfir að hætta sé af.



Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umhverðarmerki, götumerkingar eða götulýsingu.

Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22


13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin



Fimleikarnir komnir á fullt



Mikið gekk á hjá fimleikadeildinni í lok ágústmánaðar. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við stækkun fimleikasalarins var hann tæmdur og öll fimleikaáhöld flutt í litla græna íþróttasalinn sem tengist gryfjunni. Mikill fjöldi sjálfbóðaliða úr hópi þjálfara, foreldra og iðkenda aðstoðuðu við flutningana og þökkum við þeim kærlega fyrir frábæra samvinnu.

Fimleikadeildin tók þátt í Grótudeginum laugardaginn 26. ágúst. Sjálfbóðaliðar úr hópi foreldra og iðkenda stóðu fyrir vöflusölu í íþróttahúsinu. Einnig sáu elstu iðkendur deildarinnar um þrautbrautir fyrir

gesti og gangandi þar sem börnin fengu að láta ljós sitt skína í hinum ýmsu fimleikaþrautum. Vetrarstarfið hófst svo af fullum krafti sunnudaginn 3. september. Í vetur eru rétt rúmlega 500 iðkendur skráðir í fimleikadeild Gróttu á aldrinum þriggja til 18 ára. Það eru spennandi tímar framundan hjá íþróttafélaginu Gróttu. Aðstaða til íþróttaiðkunar á svæðinu mun batna til muna þegar framkvæmdir verða yfirstaðnar. Við minnum á heimasíðu fimleikadeildarinnar www.grottasport.is/ fimleikadeild og á facebooksíðu deildarinnar Gróttu fimleikadeild.

Framtíðarstjórnur á Arion banka móti



Í 8. flokki í fótbolta æfa krakkar sem enn eru í leikskóla. Á liðnu tímabili var slegið þátttökumet hjá Gróttu í þessum flokki en rúmlega 50 krakkar æfðu fótbolta að staðaldri hjá félaginu.

Yfir vetrartímamann voru krakkarinn sóttir í leikskólann til að fara á æfingu í íþróttahúsinu en í sumar fóru æfingar fram á Vivaldivellinum. Stærsta mót 8. flokks er svo Arion banka mót Víkings sem haldið er í ágúst en þar voru Gróttukrakkarnir mættir galvaskir og það í spánýjum keppnisbúningnum! Gleðin var sannarlega við völd og sýndu krakkarinn flotta takta með boltann. Sannarlega gaman að fylgjast með þessum knattspyrnuhettjum framtíðarinnar.

Hákon æfði með U17

Hákon Rafn Valdimarsson, markvörður 2. flokks og varamarkvörður meistaraflakks, var valinn í æfingahóp U17 ára landsliðs Íslands sem kom saman í september.

Hákon, sem verður 16 ára í haust, æfði fyrst með liðinu í júlí og stóð sig það vel að hann var aftur valinn núna. Í sumar hefur Hákon varið mark 2. flokks og staðið sig með sóma. Hann hefur æft gríðarlega vel á tímabilinu og hefur dugnaðurinn skilað góðum framförum. Hákon komst því miður ekki í lokahóp U17 sem heldur til Finnlands í lok september en það er ljóst að þessi efnilegi markvörður mun láta til sín taka á næstu misserum.



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Arna

is- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 21.
Eiðistorgi 15 (þar sem Blómastofan var áður)
facebook.com/arnaisogkaffi



Gleðin í fyrirrúmi á golfmóti Soroptimistasystra

Fjórutíu ára afmælis- og styrktargolfmót Soroptimistasystra á Seltjarnarnesi fór fram á Nesvellinum á dögum hjá Nesklúbbnum á Seltjarnarnesi. Yfir 80 konur skemmtu sér á golfvelli og var leikgleðin í fyrirrúmi. Golfmótið er ein aðalfjáröflunarleið Soroptimistasystra ásamt happdrætti á skemmtikvöldi í nóvember með þeim vinningum sem ekki ganga út í golfmótinu en Soroptimistasystur hafa notið góðvildar fjölmargra fyrirtækja sem styrkja klúbbinn í góðgerðastarfinu.

Mótið fór fram í sól og blíðu þar sem konur spiluðu golf með bros á vör. Mótið var fullbókað og vel það þar sem bæta þurfti við hollum til að koma öllum að enda ávallt biðlisti eftir að komast að. Þetta var í sjötta skiptið sem Soroptimistasystur halda styrktargolfmót hér á Nesinu. Mótsstjóri mótsins í ár var Sjöfn Þórðardóttir sem jafnframt er formaður Soroptimistaklúbbsins.

Hefð er fyrir því að bjóða keppendum upp á hressingu þar sem 5. og 9. teigur á nesinu mætast í gómsætt heimabakað góðgæti, drykki og skálað er í freyðivini sem ávallt vekur jafn mikla lukku. Allar ljúka leik á sama tíma svo það myndast góð og skemmtileg stemning að móti loknu þegar allar koma inn eftir spilið, hressar og glaðar eftir skemmtilega útiveru. Boðið var uppá Prosecco í fordrykk í boði Vífilfells við golfskálann. Að því loknu var haldið inn í skálann og þar sem kvöldverður var snæddur á meðan að verðlaunaafhendingu stóð. Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Punktakeppni án forgjafar:

3. sæti Laufey Valgerður Oddsdóttir
2. sæti Kristín Þórisdóttir
1. sæti Ingunn Gunnarsdóttir

Punktakeppni með forgjöf:

3. sæti Jónína Ragnheiður Ketilsdóttir



2. sæti Aðalheiður Anna Guðmundsdóttir
1. sæti Sigríður Sigtryggsdóttir

Næstar holu:

2. braut Laufey Oddsdóttir
5. braut Elínborg Sigurðardóttir
8. braut Dóra Ingólfsdóttir

Lengsta upphafshögg: Hulda S. Sigtryggsdóttir

Engin heim án verðlauna

Hingað til hefur engin kona farið heim án verðlauna á mótinu sem skemmir ekki stemninguna en dregið var úr öllum skorkortum þátttakenda að verðlaunaafhendingu lokinni. Einnig var dregið úr skorkortum sérstök afmælisverðlaun sem voru meðal annars Útsýnisflug með Norðurflugi.

Allur ágóði í heimabyggð

Allur ágóði 40 ára afmælis golfmótsins rennur til styrktar verkefnis í heimabyggð í samstarfi við Miðstöð foreldra og barna og Heilsugæslustöð Seltjarnarnes og færa



verðandi foreldrum bókina "1000 fyrstu dagarnir – barn verður til" sem er ætlað að aðstoða foreldra fyrstu árin í lífi barnsins. Soroptimistar eru alþjóðleg hjálpar- og friðarsamtök kvenna. Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness var stofnaður 24. september árið 1977 og á því 40 ára afmæli í ár. Hann hefur rétt margvíslegum málefnum hjálparhönd með styrkveitingum.



Heilsugæslan Höfða

Árni Sch. Thorsteinsson

Sérfræðingur
í heimilislækningum.

Hef flutt læknastofu mína á
Heilsugæsluna Höfða,
Bíldshöfða 9.

Gamlir og nýir
skjólstæðingar velkomnir.

Nánari upplýsingur um
skránningu á www.hgh.is
eða í síma 591-7000.



ANDAÐU DÝPRA!

Hafragrautur á
heimsmælikvarða
Glútenlaus,
spíraður, lífrænn
og bragðgóður.




Túrmerik latte eða
Gullna mjólkin
sem allir eru
að tala um.



ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367



TOSCANA
súrdeigsbrauð með heilkorni




KLETTABRAUÐ
gerlaust súrdeigsbrauð



HOLTABRAUÐ
gróft fimm korna brauð með súrdeigi



SÆTUR BAKKI



SKÍFUR
hvítlauks og grófar fimm korna



GRÆNN BAKKI

Vel bökuð súrdeigsbrauð og veislubakkar að hætti Jóa Fel

*Úrval af steinbökuðum brauðum með heilkorni
og girnilegir veislubakkar fyrir öll tilefni!
www.joifel.is*

Bakaríð við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.



BAKARÍ